

Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Samstarf um skólamál: símenntun grunnskólakennara
Starfshópur fulltrúa sveitarfélaganna

SÍMENNTUN GRUNNSKÓLAKENNARA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU - STÖÐUSKÝRSLA -

Innihald:

1. Framkvæmd verkefnis skólaárið 2014-2015 og mat
2. Áætluð verkefnisframkvæmd skólaárið 2015-2016
3. Fjárhagsniðurstaða verkefnisins 2014-2015

Ætlað fræðslustjórum/sviðsstjórum menntamála í sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.
September 2015

Framkvæmd verkefnis 2014-2015 og mat

A. Skipulags- og undirbúningsfundir samstarfshóps

Viðfangsefni samstarfs sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um símenntun grunnskólakennara á nýliðnu skólaári beindist að þróun kennsluhátta m.t.t. skóla margbreytileikans og sérstök áhersla var lögð á að styrkja kennara í að sinna bráðgerum nemendum, svo þeir megi stunda nám við hæfi og geti þar með í auknu mæli nýtt hæfileika sína. Markmið þessarar áherslu er einnig að stuðla að auknum fjölda nemenda sem sýna afburðaárangur í námi. Samstarfshópurinn sem skipaður var til að undirbúa og skipuleggja fræðsluna, með fulltrúum frá öllum sveitarfélögum, hélt alls 9 fundi yfir skólaárið 2014-2015 auk þess sem hluti hópsins hélt 3 samráðsfundi með fulltrúum samtaka áhugafólks um skólaþróun vegna undirbúnings ráðstefnu í nóvember nk. Skipst var á að halda fundina á skóla-/fræðsluskrifstofum allra sveitarfélaganna.

B. Fræðslufundir og vinnustofur

Meginverkefni skólaársins 2014-2015 var að skipuleggja og halda vinnustofur og fræðslufund sem fóru fram á haustönn 2014 og vorönn 2015 auk undirbúnings ráðstefnu og vinnustofa sem fara fram í nóvember nk. Í nóvember 2014 var haldin vinnustofa um „bráðgera nemendur“ í Sjúalandsskóla í Garðabæ. Vinnustofan var sérstaklega kynnt fyrir skólanefndum/fræðsluráðum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í bréfi dags. 9.9.2014 (<http://ssh.menntamidja.is/bradgerir/vinnustofa/>) og til hennar var boðið skólastjórnendum, kennurum, foreldrum og sveitarstjórnarfólki. Um sextíu manns tóku þátt í vinnustofunni, þar sem eftirfarandi þrjár spurningar voru lagðar fram sem grunnur umræðu:

1. Hverjir eru bráðgerir nemendur og hvaða þarfir hafa þeir?
2. Hvað þarf að gera til að mæta þörfum bráðgera nemenda í skólastarfinu varðandi nám og vellíðan og hverjir hafa þar verkefni?
3. Hverjar eru skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna gagnvart bráðgerum nemendum?

Í kjölfar vinnustofunnar var gerð samantekt þar sem fram voru settar óformlegar tillögur byggðar á vinnu þátttakenda og kynnt var skólanefndum/fræðsluráðum og eða fræðslustjórum í febrúar sl. (<http://ssh.menntamidja.is/bradgerir/vinnustofa/>).

Í apríl 2015 var haldinn fræðslufundur með yfirskriftinni *Afburðaárangur í PISA í Smáraskóla í Kópavogi* (<http://ssh.menntamidja.is/bradgerir/afburda-arangur-i-pisa/>). Markmið fræðslunnar var að kynna kennurum, sérstaklega íslensku-, stærðfræði- og náttúrufræðikennurum á elsta/unglingastigi, PISA rannsóknina. Kynnt var aðferðafræði PISA og hvað einkenni þá nemendur sem ná bestum árangri þar og hvar íslenskir nemendur standa þar í samanburði við aðrar þjóðir. Í framhaldi erindis, sem Almar M. Halldórsson frá Námsmatsstofnun flutti, fóru fram umræður í faghópum um málefnið og snerust þær aðallega um eftirfarandi tvær spurningar:

1. Hvað veldur því að íslenskir nemendur ná ekki að skora í efstu sætin í sama mæli og nemendur annarra þjóða?
2. Hvað þarf að koma til svo fleiri íslenskir nemendur skori hátt?

Um sextíu kennarar og skólastjórnendur tóku þátt í umræðunum og samantekt úr þeim var gerð aðgengileg á heimasíðu samtarfsverefnisins <http://ssh.menntamidja.is>.

C. Heimasíða samstarfsverkefnisins

Hluti af samstarfsverkefninu hefur verið að taka upp fræðslufyrirlestra á þess vegum (hljóð og mynd) og að halda utan um afrakstur vinnustofa með því að gera efni þeirra aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins. Þar er að finna upptökur af fyrirlestrum, glærुकyningar fyrirlesara, myndir frá fyrirlestrunum og samantekt frá vinnustofum. Myndatökur og uppsetningu vefsins hefur Vigfús annast undir yfirumsjón Tryggva Thyer hjá Menntamiðju en vefupptökurnar sjálfar eru geymdar á YouTube á vegum Menntamiðju. Í tengslum við verkefni nýliðins skólaárs og til undirbúnings ráðstefnu og vinnustofa í nóvember nk. hefur krækjum að ýmiskonar efni tengdu málefnum bráðgera og sérstaklega hæfileikaríkra nemenda, greinum, viðtölum, könnunum, rannsóknunum og vefsíðum verið fundinn staður á heimasíðu verkefnisins. Upptökur frá fyrirlestrum og efni úr vinnustofum hefur verið notað á fjölda kennarafunda í skólum á höfuðborgarsvæðinu og umtalsverður fjöldi hefur heimsótt vef verkefnisins.

Mat verkefnisins

Að mati fulltrúa í samstarfshópnum hefur tekist vel til við verkefnið og góður rómur hefur verið gerður að því af hálfu þátttakenda. Sérstaklega höfum við í hópnum orðið vör við ánægju með að samstarf sé haft um símenntun kennara á höfuðborgarsvæðinu og kennurum gefist tækifæri til að fræðast og vinna með kennurum úr öðrum sveitarfélögum. Auk þess hefur sú nýbreytni að gera fyrirlestra og annað efni aðgengilegt á netinu mælt vel fyrir, sérstaklega á landsbyggðinni. Í ljósi þessa hefur verið ákveðið að halda áfram með verkefnið næsta skólaári.

Fjárhagsniðurstöðu verkefnisins má sjá á bls. 5, en styrkur að upphæð kr. 600.000,- fékkst frá Endurmenntunarsjóði grunnskólakennara fyrir kostnaði við verkefnið. Þar sem framhald verður á verkefninu skólaárið 2015-2016 og áframhaldandi styrkur hefur fengist frá endurmenntunarsjóði er framlag fyrir skólaárið 2014-2015, auk afgangi frá skólaárinu 2013-2014, að hluta til ráðstafað nú í haust til þess að það sé fullu nýtt.

Áætluð verkefni framkvæmd skólaárið 2015-2016

Á komandi skólaári verður áfram unnið að fræðslu til handa kennurum á höfuðborgarsvæðinu um hvernig mæta megi þörfum bráðgera nemenda og nemenda búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, en á nýliðnu skólaári hefur starfshópurinn unnið að undirbúningi ráðstefnu og vinnustofa um málefni þessara nemenda. Umrædd ráðstefna og vinnustofur verða haldin í samstarfi við Samtök áhugafólks umskólaþróun dagana 6.-7. nóvember nk. Tveir danskir fyrirlesarar, sem rannsakað hafa og sérhæft sig í kennsluháttum sem henta bráðgerum nemendum, munu halda erindi á ráðstefnunni og leiða vinnustofur. Í kjölfar ráðstefnunnar verður tekin ákvörðun um næstu skref fræðslunnar og hvernig henni verður háttað út skólaárið, en gengið er út frá því að starfshópurinn haldi áfram að annast verkefnið og skipuleggi áfram fræðslu fyrir grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu út nk. skólaár.

Starfshópurinn hefur ákveðið eftirfarandi verkaskiptingu inna hópsins frá og með hausti 2015:

Baldur Pálsson -stjórnun.

Katrín Friðriksdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir -fjármál og samskipti við endurmenntunarsjóð.

Magnea Steinunn Ingimundardóttir -ritari.

Flosi Kristjánsson og Vigfús Hallgrímsson -vefstjórn og kynningarmál.

Höfuðborgarsvæðinu í september 2015

Baldur Pálsson (sign)

Flosi Kristjánsson (sign)

Katrín Friðriksdóttir (sign)

Magnea Steinunn Ingimundardóttir (sign)

Ragnheiður Hermannsdóttir (sign)

Vigfús Hallgrímsson (sign)

Fjárhagsniðurstaða verkefnisins 2014-2015

Gjöld:

| | | |
|----------------------------------|-----|-----------|
| Plakataprentun | kr. | 35.960,- |
| Fræðslufundur 13.04.2015 | | |
| Fyrirlestur | kr. | 68.000,- |
| Tölvuupptaka/- vinnsla | kr. | 40.000,- |
| V. ráðst. /vinnust. 6.-7.11.2015 | kr. | 506.430,- |

Samtals kr.

Tekjur:

| | | |
|--------------------------------|-----|-----------|
| Endurmenntunarsj. grunnskólak. | kr. | 600.000,- |
| Afgangur frá fyrra ári | kr. | 50.390,- |

Niðurstaða:

Afgangur 0,-

Samantekt:
Baldur Pálsson

Athugasemdir: Verkefnið er til tveggja ára og hluta af kostnaði innan skólaársins 2015-2016 er greiddur af styrkframlagi til skólaársins 2014-2015. Endanlegur kostnaður við ráðstefnu í samstarfi við *Samtök áhugafólks um skólaþróun* verður greiddur af styrkframlagi til verkefnisins fyrir skólaárið 2015-2016 og mun því koma fram í reikningshaldi fyrir það tímabil.